

**33. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
Mánudaginn 6. febrúar 2023, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Yordan Yordanov og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Langeyrarvegur 21, umsókn um lóð - 2110008**

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 19. janúar 2023 frá Dagný Hauksdóttur þar sem óskað er eftir álti nefndarinnar á því að breikka byggingarreit við lóðina við Langeyrarveg 21 um 0,5 m. Byggingarreiturinn verður þá 7,5 x16 m.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir umsækjanda á að breyta þarf deiliskipulagi lóðarinnar vegna stækkunar byggingarreits. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að málsmeðferð verði samkvæmt 2. mgr. 43. gr skipulagsлага nr. 123/2010.*

*Samþykkt*

**2. Gjaldskrár og samþykktir 2022 - 2201007**

Tekin fyrir að nýju samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurhreppi. Jafnframt er lögð fram ný gjaldskrá þar sem greitt verður eftir rúmmáli fláta.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykktja "Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurhreppi."*  
*Rætt um breytingu á gjaldskrá sorps, frestað til næsta fundar*


*Samþykkt*

**3. Deiliskipulag í Reykjanesi - 2202003**

Tekið fyrir bréf frá Skipulagsstofnun dags. 20. janúar 2023 (2022) þar sem fram kemur að stofnunin hafi farið yfir gögn málsins og gerir athugasmd við að sveitarstjórn birti auglýsingum samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi:

- a) Staðsetning byggingarreits A1 uppfyllir ekki ákvæði skipulagsreglugerðar um fjarlægð frá sjó.
- b) Gera þarf grein fyrir öflun neysluvatns á fullnægjandi hátt.
- c) Staðsetja þarf vatnsból á uppdrætti, afmarka vatnsverndarsvæði þess og setja fram viðeigandi skilmála.
- d) Setja fram skilmála um hæð botnplötu frá jarðvegsyfirborði sbr. umsögn Vesðurstofu Íslands og ákvæði skipulagsreglugerðar.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á eftirfarandi*



1

a) Húsnæði er nú þegar innan reits A1 sem er nær sjó en ákvæði skipulagsreglugerðar segja til um. Ekki er gert ráð fyrir að fjarlægja núverandi hús og því er byggingareitur settur um húsið. Nefndin getur fallist á að hægt sé að minnka reitinn til suðurs að litlu leyti.

b) Nefndin telur að fjallað sé nægjanlega vel um neysluvatn í kafla 3.9 Veitur. Þar kemur fram að saltvinnsla á lóð A1 nýti eingöngu sjó í sinni framleiðslu. Jafnframt er tekið fram að leitast verði eftir að finna kalt neysluvatn á svæðinu eða semja við aðra landeigendur um neysluvatn finnist ekki nothæft vatn á svæðinu.  
Lagt er til að bætt verði við texta í kaflann um að neysluvatn á lóðum A1 og A2 verði fengið með því að vinna neysluvatn úr sjó, notast verði við Reverse Osmosis kerfi sem uppfylla kröfur til neysluvatns.

c) Það er óraunhæft að staðsetja vatnsból á uppdrætti og afmarka vatnsverndarsvæði því það er ekki vitað hvar vatnsbólið muni vera. Auk þess mun breyttur texti sem vísað er í b lið um að vinna vatn úr sjó minnka þörf á að leita eftir neysluvatni.

d) Settir verða skilmálar um hæð botnplötu frá jarðvegsyfirborði.

Nefndin bendir jafnframt á að í kafla 3.9 segir að áður en leyfi er veitt fyrir uppbyggingu starfsemi á svæðinu skal öflun neysluvatns vera tryggð. Gera skuli grein fyrir hver vatnsþörf framleiðslunnar er og hvort sjóvatn, heitt vatn og/eða kalt vatn verði nýtt. Auk þess er bent á að leitast verði eftir að finna kalt neysluvatn á svæðinu eða semja við aðra landeigendur um neysluvatn.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir sveitarstjórn á að í grein 42, grein skipulagslaga nr. 123/2010 segir:

Sveitarstjórn skal taka athugasemdir til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar hvað varðar athugasemdir um form deiliskipulags. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar um efni deiliskipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess. Birta skal auglýsingum um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 19:10.

Annalind Ragnarsdóttir  
Anna Lind Ragnarsdóttir

Valgeir Scott  
Valgeir Scott

Hulda Gunnarsdóttir  
Hulda Gunnarsdóttir

Bragi Pór Thoroddsen  
Bragi Pór Thoroddsen

. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar  
06.02.2023



Yordan Yordanov



Jóhann Birkir Helgason

